

Ég, Arna Óskarsdóttir, býð mig fram sem varamann í stjórn EFÍA 2024-2026.

Ég hef setið sem varamaður síðastliðin 4 ár í stjórninni og óska eftir umboði ykkar til að halda því áfram næstu tvö árin.

Ég er flugmaður hjá Icelandair, en sinni einnig starfi innri úttektaraðila í gæðadeild félagsins samhliða fluginu. Ég er vel læs á lög, reglugerðir og hagtölur, og tel mig geta sinnt starfi varamanns af heilindum og með hag sjóðsfélaga að leiðarljósi.



Ég hef reynslu af störfum í fjármálageiranum og sinnti ýmsum störfum í bakvinnslu Íslandsbanka í 4 ár. Þar með talið endurútreikning á ólöglegum lánum, vinnslu greiðslumata, gerð lánaskjala og skráningu innlendra krafna.

Að auki þá er ég með diplóma í flugrekstrarfræði frá Tækniskólanum, er viðurkenndur stjórnarmaður frá Akademias og stunda nú MBA nám með áherslu á sjálfbærni í rekstri frá Sustainability Management School í Sviss. Áætluð námslok eru 2025.

Ég stóðst hæfismat FME 2021, og telst því uppfylla þau skilyrði sem sett eru á stjórnamenn hjá eftirlitsskyldum aðilum FME.

Með fyrirfram þökk

Arna Óskarsdóttir (AOK)